

Ed.

328. Nefndarálit

[82. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 4. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Ég er í rauninni sammála fyrsta og stærsta minni hluta nefndarinnar um aðalatriði þessa máls, 2. og 3. gr. frv. og viðaukagrein þá, sem flutt er (með vissum breytingum þó) að frumkvæði félagsmálaráðuneytisins.

Á hinn bóginn vil ég fella niður bæði 1. og 4. gr. frv. Hina fyrri fyrir þá sök, að ég sé enga þjóðarnauðsyn á því að hlaupa upp til handa og fóta með lagabreytingu, þótt hæstiréttur mildi ögn framkvæmd atgangsharðrar skattheimtu. Hina síðari vil ég fella niður af því, að mér virðist einsætt, að sama regla eigi að gilda um land allt um frádrátt frá skattskyldum tekjum í sérstökum tilvikum og að þar beri engan greinarmun að gera á útsvari og tekjuskatti. Hitt er svo annað mál, hvaða gildandi reglur í því efni kynnu að þarfnast endurskoðunar.

Ég leyfi mér því að flytja eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Greinatalan breytist í samræmi við þetta.

Alþingi, 24. febr. 1968.

Pétur Benediktsson.